



Héraðsskjalasafn Skagfirðinga óskar eftir skjalaverði

Upphaf starfs:	1. febrúar 2019 eða eftir samkomulagi. Um framtíðarstarf er að ræða.
Starfshlutfall:	75% starfshlutfall.
Starfsheiti:	Sérfræðingur.
Lýsing á starfinu:	Starfsmaður sinnir almennum skráningarstörfum innan safnsins, svarar fyrirspurnum og aflar sér þekkingar á safnkosti safnsins ásamt því að sinna forvörslu á safnkosti og aðstoða héraðsskjalavörð við ráðgjafarstörf.
Menntunarkröfur:	Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
Hæfniskröfur:	Þekking og reynsla af starfi á safni er æskileg. Leitað er eftir einstaklingi sem sýnir af sér sjálfstæði í störfum, frumkvæði og góða skipulagshæfni. Lögð er áhersla á öguð og skipulögð vinnubrögð ásamt góðri þjónustulund og stundvísi.
Launakjör:	Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
Umsóknarfrestur:	Til og með 16. janúar 2019.
Nánari upplýsingar:	Sólborg Una Pálsdóttir, Héraðsskjalavörður Skagfirðinga, í síma 455-6077 / 862-4353, eða með tölvupósti solborg@skagafjordur.is .
Umsóknir:	Umsókn ásamt prófskírteini og ferilskrá er greinir frá menntun og fyrri störfum skal skilað í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is (laus störf). Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga er elsta héraðsskjalasafn landsins, stofnað árið 1947. Safnið varðveitir stærsta safn einkaskjala utan Reykjavíkur auk mikils magns opinberra heimilda og ljósmynda. Fjölmargir gestir sækja safnið heim árlega. Starfsfólk þess svarar miklum fjölda fyrirspurna árlega og safnið tekur virkan þátt í menningarlífi héraðsins.